

Ed.

545. Frumvarp til laga

[175. mál]

um vísindasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

I. KAFLI

Stofnun og verksvið vísindasjóðs.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru árlegt framlag úr menningarsjóði, a. m. k. 800 þús. kr.

2. gr.

Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:

- a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
- b. Kandídata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
- c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknæfnum.

II. KAFLI

Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

3. gr.

Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, jarðfræði, dýrafræði, grasufræði, verkfræði og tæknifræði.

Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

4. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 7 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Tveir stjórnarmenn og jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af deildarstjórnnum vísindasjóðs, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.

Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Hún ákveður einnig, hvernig skipta skuli fjárframlagi til vísindasjóðs á milli deilda hans, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda, sbr. 6. gr.

Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

- a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.

- b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefnið tvo, laga- og hagfræðideild einn og Félag íslenskra fræða einn.
- c. Menntamálaráðherra skipar formenn deildarstjórna án tilnefningar.
- d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknastofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.

Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar vísindasjóðs.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförunum áratug hafa orðið meiri framfarir á sviði vísinda, einkum raunvísinda, en nokkru öðru jafnlöngu skeiði í sögu mannkynsins. Jafnframt hafa flestar þjóðir stóraukið framlög til vísindarannsókna, og á það bæði við opinbera aðila og einkafyrirtæki. Viðurkennt er, að engin þjóð getur gert sér von um að verða hluttakandi í þeim almennu framförum, sem vísindi nútímans eru að leggja grundvöll að, nema hún eigi á að skipa vísindamönnum, sem annaðhvort ryðja nýjar brautir eða kunna skil á þeim atriðum, sem framþróunin grundvallast á. Hinar smærri þjóðir geta að sjálfsögðu varla vænt þess að gegna forystuhlutverki í þessum efnum, en þeim er það engu að síður brýn nauðsyn að eiga vísindamenn, sem geta haft forgöngu um hagnýtingu hinnar nýju þekkingar.

Á tímabili því, sem liðið er, síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk, hafa fjölmargar menningarþjóðir, bæði stórar og smáar, stofnað sjóði, sem haft hafa það hlutverk að styrkja vísindarannsóknir, bæði frumrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á grundvelli þeirra. Hér á landi hefur mál þetta verið athugað og rætt á ýmsum vettvangi, m. a. í Rannsóknarráði ríkisins, atvinnuáráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu. Á árunum 1953 og 1954 vann Rannsóknarráð ríkisins að undirbúningi tillagna um stofnun vísindasjóðs og sendi atvinnu- og menntamálaráðuneytinu greinargerð um málið seint á árinu 1954. Í samráði við Steingrím Steinþórsson, sem þá fór með málefni Rannsóknarráðs ríkisins og Atvinnudeildar háskólans, lét ráðið semja frumvarp um málið 1955, og var það sent sömu ráðuneytum. Var þar gert ráð fyrir því, að sjóðurinn styrkti eingöngu rannsóknir á sviði raunvísinda. Meðal hugvísindamanna var hins vegar einnig ríkjandi áhugi á því, að aukinn væri styrkur til rannsókna á sviði hugvísinda. Varð það síðan að samkomu-lagi milli Steingríms Steinþórssonar, sem eins og áður segir fór með málefni Rannsóknarráðs ríkisins og Atvinnudeildar háskólans, og Bjarna Benediktssonar, þáver. menntamálaráðherra, að hinn síðar nefndi skyldi skipa nefnd, sem skipuð væri fulltrúum bæði raunvísinda- og hugvísindamanna, til þess að undirbúa málið frekar. Var sú nefnd skipuð 24. marz 1956. Í henni áttu sæti þeir Birgir Kjarn hagfræðingur, formaður, Ármann Snævarr prófessor, dr. Björn Sigurðsson, formaður Rannsóknarráðs ríkisins, dr. Júlíus Sigurjónsson prófessor og Pálmi Hannesson rektor.

Samdi nefnd þessi frumvarp um Vísindasjóð ásamt ýtarlegri greinargerð og skýrslu um vísindasjóði í öðrum löndum og sendi menntamálaráðuneytinu hinn 4. janúar 1957. Núverandi menntamálaráðherra, sem einnig fer með málefni Rannsóknarráðs ríkisins og Atvinnudeildar háskólans, fól síðan nefnd, sem skipuð var hinn 28. des. 1956 og í áttu sæti þeir Friðfinnur Ólafsson forstjóri sem formaður, Gils Guðmundsson skrifstofustjóri, Haukur Snorrason ritstjóri, Jakob Benediktsson magister og Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri, frekari athugun á málinu ásamt öðrum verkefnum.

Menntamálaráðuneytið hefur athugað öll þau gögn, sem fyrrgreindir aðilar hafa safnað, og tillögur þær, sem þeir hafa gert. Með hliðsjón af þeim og öðrum upplýsingum, sem ráðuneytið hefur aflað, hefur það samið frumvarp þetta. Fara hér á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Þá eru hér enn fremur prentaðir sem fylgiskjöl kaflar úr greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi þeirra Birgis Kjara, Ármanns Snævar, dr. Björns Sigurðssonar, dr. Júlíusar Sigurjónssonar og Pálma Hannessonar.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um stofnun Vísindasjóðs og heiti hans lögfest.

Um 2. gr.

Í þessari grein er markað verksvið sjóðsins almennt og kveðið á um, til hvers styrkir skuli veittir. Er sjóðnum ætlað að styrkja hagnýt vísindi fyrst og fremst, en einnig frumvísindi. Samkvæmt a-lið er sjóðnum heimilt að styrkja einstaklinga eða vísindastofnanir til að leysa af hendi ákveðnar rannsóknir. Eftir b-lið frv. geta kandidateitar fengið styrki „til vísindalegs sérnáms og þjálfunar“. Með þessu er átt við, að óheimilt sé að styrkja kandidateita til venjulegs framhaldsnáms eftir kandidateitspróf, heldur verða þeir að sinna ákveðnum sérfræðilegum rannsóknum eða afla sér vísindapjálfunar. Samkvæmt c-lið er ætlað til, að unnt sé að festa kaup á tækjum, ritum og efnum til afnota fyrir einstaka rannsóknarmenn.

Um 3. gr.

Sjóðnum er með þessari grein skipt í tvær deildir og mælt fyrir um, hverjar vísindagreinar skuli teljast til hvorrar um sig, þótt upptalningin sé ekki tæmandi.

Um 4. gr.

Einsætt virðist að ætla Alþingi hlutdeild í ráðstöfun svo mikils fjár, sem Vísindasjóði er fengið, og er því gert ráð fyrir, að þingið kjósi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum 4 menn af sjö í stjórn sjóðsins og jafnmarga varamenn. Stjórnir hugvísinda- og raunvísindadeilda skulu nefna sinn manninn hvor í stjórnina og varamenn þeirra, en menntamálaráðherra skipar formenn og varaformenn.

Stjórn Vísindasjóðs ákveður, hvernig skipta skuli fé sjóðsins milli deilda hans, og er henni einnig ætlað að setja í samráði við menntamálaráðherra reglur um val rannsóknarefna og styrkveitingar úr sjóðnum. Deildarstjórnirnar skipta hins vegar fénu milli hinna einstöku verkefna og rannsóknarmanna.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðherra skipi stjórn hugvísinda- og raunvísindadeilda til fjögurra ára í senn.

Í raunvísindadeild: Einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknarráðs ríkisins, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar, einn samkvæmt tilnefningu verkfræðideildar og einn samkvæmt tilnefningu fundar, er menntamálaráðherra boðar til með fulltrúum vísindastofnana, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Eigi þykir rétt að binda í lögum, hvaða stofnanir skuli senda fulltrúa á þann fund, þar eð

slíkt kann að vera breytingum háð, — en eins og nú háttar, mundu væntanlega til kvaddir fulltrúar frá kjarnfræðanefnd, Atvinnudeild háskólans, Náttúrugripasafni, Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Keldum, rannsóknarstofu háskólans í sýklafræði, rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og raforkumálaskrifstofunni.

Í hugvísindadeild: Tvo samkvæmt tilnefningu heimspekideildar háskólans og tvo samkvæmt tilnefningu laga- og hagfræðideildar.

Menntamálaráðherra skipar síðan formenn og varaformenn deildarstjórnanna án tilnefningar. Varamenn fyrir aðra stjórnarnefndarmenn skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

Um 6. gr.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum til einstakra rannsóknarverkefna og rannsóknarmanna, innan þess ramma, sem stjórn Vísindasjóðs ákveður, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, sbr. 4. gr. Enn fremur skulu deildarstjórnir hafa eftirlit með því, að styrkirnir séu hagnýttir á þann hátt, sem til er ætlað. Gert er ráð fyrir, að styrkir séu að jafnaði veittir samkvæmt umsóknum, en þó geti deildarstjórn boðið vísindamanni eða forstöðumanni rannsóknarstofnunar fjárstyrk, enda getur deildarstjórn átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum verkefnum og skipulagt þær. Unnt er að veita mönnum styrki úr sjóðnum, þótt þeir hafi ekki lokið háskólaprófum. Allt veltur á því, hvort þeir teljast hæfir til að sinna vísindalegum rannsóknum og að rannsóknarefni þeirra séu þess eðlis, að þau teljist styrkhæf.

Um 7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum stjórnar Vísindasjóðs, sett fyllri ákvæði um framkvæmd laganna, og er ætlað til, að svo sé gert m. a. um kvaðningu til kjörfundar með fulltrúum vísindastofnana, sbr. 5. gr.

Fylgiskjal I.

Þörf á auknum fjárstuðningi við vísindastarfsemi hér á landi.

Atvinnu- og félagsþróun hefur verið geysihröð undanfarna áratugi. Framfarir í hvers konar vísindum hafa verið meginundirstaða þeirrar þróunar. Frá lokum síðustu heimsstyrjaldar hefur skilningur manna á því, hvert gildi vísindi hafa fyrir þjóðfélagsþróun, vaxið mjög, og hefur stóraukið fé verið lagt til vísinda víða um lönd. Mörg ríki kappkosta að laða til sín úrvals vísindamenn, en búa jafnframt svo vel að þeim, sem fyrir eru, að engin hætta sé á, að þeir hverfi burtu. Þjóðfélag, sem eflir ekki vísindalegt framtak, hlýtur að dragast aftur úr í menningarlegum og atvinnulegum efnum. Íslendingar verða að taka þátt í þeirri vísindaþróun, sem öðru fremur sérkennir öld vora, ef þeir vilja halda uppi sjálfstæðu menningarþjóðfélagi.

Hér á landi er mönnum naumast enn nægilega ljóst gildi nútíma vísinda fyrir menningu vora og sjálfstæði. Framlög til vísinda eru af skornum skammti. Nokkuð af fé því, sem veitt er, kemur enda ekki að fullum notum, þar eð því er ráðstafað með fjárlagaákvæðum, en sú úthlutunaraðferð reynist oft óheppileg.

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður, skapaðist hér á landi nokkur aðstaða fyrir starfsmenn skólans til vísindastarfsemi. Á síðustu áratugum hafa og risið hér á landi stofnanir, þar sem starfsmenn hafa tækifæri til nokkurrar vísindastarfsemi í sumum greinum náttúrufræði, tæknifræði og læknisfræði jafnhliða daglegum skyldustörfum. Vísindastofnanir eru þó fáar, og vísindastarfsemi hér á landi á enn við mikla byrjunarörðugleika að etja. Ber hvort tveggja til, að brautryðjendastarf á þessu sviði er torvelt og seinunnið og einnig hitt, að ekla er á starfsmönnum, sem hafa aflað sér nægilegrar vísindaþjálfunar til sjálfstæðra rannsókna.

Þess er ekki að vænta, að vísindaleg menning komist til proska hér á landi, nema hér skapist slík vísindaleg hefð, að vísindaleg störf séu í heiðri höfð og þau

dragri til sín úrvalið úr yngstu kynslóð menntamanna. Þessar starfsgreinar öðlast ekki nægilegt aðdráttarafl, nema mönnum verði gert fjárhagslega kleift að afla sér sérfræðimenntunar og þjálfunar og starfsaðstaða þeirra og launakjör verði samþæring við það, sem starfsbræður þeirra í nágrannalöndum njóta.

Verkefni, sem biða úrlausnar íslenskra vísindamanna, eru óþrjótandi. Auðæfi landsins eru margvisleg, en flest torsótt. Vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins og hafsins umhverfis það og tæknilegar athuganir á hentugum vinnslu- og nýtingaraðferðum eru vandasöm og umfangsmikil verkefni, sem ekki verða leyst til nokkurrar hlítar, nema með ötulu starfi úrvalsmanna á löngum tíma. Þá má benda á, að félagsvísindalegar rannsóknir eru enn á frumstigi hér á landi, svo að getið sé tveggja rannsóknasviða. Hvert sjálfstætt ríki binzt og þeirri skyldu að leggja nokkuð af mörkum til vísindalegrar þróunar með því að rækja þær frumvísindalegu rannsóknir, sem á vissan hátt eru grundvöllur nútíma menningarlífs.

Það er almunna, að ágætir vísinda- og fræðimenn íslenskir hafa setzt að erlendis og unnið þar ævistarf sitt. Er mikil hættu á því nú, að margir efnilegir vísindamenn leiti sér atvinnu erlendis til frambúðar. Íslenskt þjóðfélag má illa við slíkri blóðtöku sökum mannfæðar, og horfir til vandræða, ef ekki er að gert.

Nefnd sú, sem samið hefur frumvarp þetta, telur, að íslensk vísindastarfsemi hafi til þessa ekki notið nægilegs fjárstuðnings. Er nú brýn þörf á miklu átaki, ef vér eigum ekki að dragast enn meir aftur úr öðrum menningarþjóðum. Nefndin telur, að margra úrræða sé þörf, en þar eð henni var markað fremur þröngt starfs svið, hefur hún aðallega kannað möguleika á stofnun Vísindasjóðs. Verður nú lýst nokkuð hlutverki slíks sjóðs, en jafnframt verður bent á önnur úrræði, sem mundu bæta starfsaðstöðu vísindamanna hér á landi.

Fylgiskjal II.

Um hlutverk Vísindasjóðs.

1. Eitt meginverkefni vísindasjóða í öðrum löndum er að styrkja menn, sem nýlega hafa lokið háskólaprófi í grein sinni, til framhaldsnáms og rannsókna. Reynslan sýnir, að vísindastörf verða naumast unnin af öðrum en þeim, sem öðlzt hafa haldgóða sérmenntun og vísindalega þjálfun í grein sinni að loknu háskólanámi. Hér á landi er þörfin á styrkveitingum til slíkra manna e. t. v. brýnni en annars staðar, vegna þess að vísindastarfsemi er hér á bernskuskeiði. Nálega allir opinberir námsstyrkir eru ætlaðir stúdentum, er ekki hafa lokið háskólanámi, en kalla má, að íslenska ríkið styrki ekki menn, sem lokið hafa háskólaprófi og hyggtast afla sér vísindalegrar þjálfunar. Er meginþörf á því að bæta hér hlut kandidata. Eitt aðalverkefni Vísindasjóðs, sem stofnaður yrði, ætti þá að vera fólgið í því að styrkja kandidata til sérfræðilegrar rannsóknarstarfsemi eftir að þeir hafa lokið fullnægjandi háskólanámi. Sjóðurinn ætti að leiðbeina ungum mönnum um verkefni, liðsinna þeim við að koma sér fyrir á hentugum stöðum utan lands og innan, styrkja þá fjárhagslega og fylgjast síðan með því, hvernig þeir reynast. Allt til þessa hefur orðið að fela ungum mönnum margvisleg vísindaleg verkefni hér á landi, þótt þeir hafi ekki áður átt kost á fullnægjandi undirbúningi, æfingu og reynslu. Er mikil þörf á að breyta þessu. Nefndin telur, að með skynsamlegum styrkveitingum úr Vísindasjóði og annarri fyrirgreiðslu af hendi slíks sjóðs, mundi smám saman alast upp hópur vel menntaðra úrvalsmanna, sem skila mundi margföldum efnahagslegum og menningarlegum arði.

2. Vísindastofnanir hér á landi hafa þröngan fjárhag. Vísindamenn vorir geta því oft og tíðum ekki sinnt verkefnum, sem þeim eru hugleikin, vegna erfiðra starfsskilyrða og skorts á aðstoð og tækjum. Fjárhagur vísindamannanna sjálfra leyfir að jafnaði ekki, að þeir kosti aðstoð eða leggi eigið fé til rannsókna á annan hátt. Í þessu efni gæti féstyrkur úr Vísindasjóði orðið þeim mjög að liði.

Þá getur einnig verið æskilegt að veita vel menntuðum vísindamönnum, sem ekki eiga vól á stöðum við sitt hæfi, laun um stuttan tíma, þannig að þeir geti unnið að rannsóknarstörfum. Gæti slíkt orðið til að tryggja þjóðinni starfskrafta, sem ella mundu ekki nýtast henni.

Bætt aðstaða fyrir þá fullþroska vísindamenn, sem eru í opinberum stöðum, og frambúðar vinnuskilyrði fyrir unga menn, sem fullmenntaðir eru, verður að koma frá þeim stofnunum í þjóðfélaginu, sem þeir vinna hjá eða munu ráðast til. Sú aðstoð, sem Vísindasjóður gæti veitt í þessu efni, og rakin hefur verið, er að vísu takmörkuð, en getur þó skipt miklu máli engu að síður.

3. Það háir allri vísindastarfsemi hér á landi, hve lítið er hér til af vísindaritum. Samvinna stofnana, sem kaupa vísindarit, er og ekki eins mikil og skyldi, t. d. er hvergi til allsherjarskrá um vísindarit, sem eru í eigu bókasafna hér á landi og einstakra stofnana. Hæpið er að hafa tvö bókasöfn hérlendis, sem reyna að viðá að sér vísindaritum án skýrrar verkaskiptingar. Háskólabókasafn er févana, þar eð Sáttmálasjóður einn hefur af fullkomnum vanefnum orðið að standa straum af bóka kaupum, en ríkið virðist ekkert hafa lagt til þeirra. Ástandið er enda þannig, að þegar frá eru skildar bókmenntir í íslenskum fræðum, er bókakostur safnsins hvergi nærri viðunandi. Úr þessu getur ríkisvaldið eitt bætt eins og ástatt er. Vísindasjóður ætti þó að geta hlaupið hér undir bagga, þegar sérstaklega stæði á, með útvegum rita, sem bráð og brýn þörf væri á. E. t. v. gætu forráðamenn sjóðsins einnig beitt sér fyrir bókaskiptum og bókalánum.

4. Útgáfa vísindarita eða tímarita, sem fjalla um vísindaleg efni, er óviða örðugri en hér á landi, þar sem lesendahópur er mjög lítil. Almennir bókaútgefendur eru, sem eðlilegt er, tregir til að gefa út verk um slík efni. Væri því æskilegt, að Vísindasjóður yrði þess umkominn að leggja útgáfustarfsemi lið. Fyrst í stað mun það þó verða sjóðnum ofvaxið fjárhagslega að styrkja slíka starfsemi, sbr. athugasemdir við 2. gr. frv.

Eins og nú hefur verið rakið, getur samilega fésterkur Vísindasjóður orðið íslenskum vísindum hin mesta lyftistöng. Sjóður með því fjármagni, sem hér er gert ráð fyrir, getur þó ekki sinnt nema takmörkuðu verkefni, svo að ýmissa fleiri úrræða er þörf til þess að stuðla að gengi íslenskrar vísindastarfsemi, og skal vikið að fáum einum hér.

1. Nauðsyn ber til að hafa vakandi auga með úrvalsmönnum meðan þeir eru í skóla og hlyna að þeim eftir föngum, liðsinna þeim og leiðbeina. Meðal stórþjóða hefst leit að hæfileikamönnum þegar í framhaldsskólum, og eru afburðanemendur þá styrktir stórum í háskólanámi sínu og síðan upp frá því óslitið. Hér á landi er þessu verkefni ekki sinnt sérstaklega, svo að kunnugt sé. Þá er hin mesta nauðsyn á að búa betur að kandiötum, er stunda vilja almennt framhaldsnám að loknum háskólaprófum. Nú eiga þeir fárra kosta vól um námslán og námsstyrki. Telur nefndin að stofna þurfi lánasjóð kandiata, er starfi á svipaðan hátt og lánasjóður stúdentu. Sá sjóður ætti að styrkja efnilega kandiata til almenns framhaldsnáms, þ. e. til viðbótarnáms við almennt háskólanám, þótt kandiata einbeiti sér ekki að sérfræðilegum rannsóknum. Að vísu væri heppilegt, að styrkir væru einnig tiltækilegir í þessu skyni, en námslán mundu koma hér að miklu gagni.

2. Vandí ungra vísindamanna yrði ekki leystur með þeirri aðstoð, sem Vísindasjóður gæti veitt þeim. Æskilegt er að stofnaðar verði nokkrar lausar stöður handa ungum vísindamönnum við íslenskar stofnanir, svo sem háskólann, Atvinnudeild háskólans, Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Náttúrugripasafn o. s. frv. Stöður þessar væru veittar til eins, tveggja eða þriggja ára. Ynnu þeir, sem stöðurnar hlytu, að rannsóknum og námi undir handleiðslu háskólakennara eða forstöðumanns vísindastofnana. Jafnframt mundu þeir geta haft á hendi nokkra kennslu í háskóladeildum. Mun háskóladeildum verða styrkur að slíkum mannafla, en jafnframt yrði kennslan þessum mönnum góð æfing og þjálfun undir kennslu og vísindastörf síðar.

Í sumum löndum, svo sem Noregi og Svíþjóð, eru slíkar „stipendiat“ stöður mikið notaðar til hjálpar ungum vísindamönnum, og hér gætu þær áreiðanlega gegnt mikilvægu hlutverki samhliða þeirri aðstoð, sem Vísindasjóður megnar að inna af hendi.

Það mun taka langan tíma að efla vísindi hér á landi svo, að vel sé. Stofnun Vísindasjóðs mundi ekki vera neitt allsherjarbjargráð, er leysti allan vanda. Mestu máli skiptir að gefa vísindastofnunum okkar tækifæri til áframhaldandi vaxtar og þróunar. Vísindasjóður í því horfi, sem ofanritað frumvarp gerir ráð fyrir, mundi þó fá mjög miklu áorkað, þegar tímar líða. Þýðingarmest yrði e. t. v. sú starfsemi hans, sem beinist að undirbúningi og þjálfun efnilegra ungra manna. Gáfur, hjartsýni og kjarkur vísindamannsefna okkar er kannske dýrmætasta eign þjóðarinnar, og er mikið í húfi, að þeir fái uppörvun og styrk, svo að þeir njóti sín sem bezt. Erlendir vísindasjóðir hafa margir starfað í áratugi og ráðstafað miklu fé. Mun það einróma álit manna, að vísindamannaval í þeim löndum sé nú allt annað og betra en ella hefði verið. Svipuð ætti reynslan að vera hér.

Í ræðu sinni á háskólahátíð fyrir skemmstu komst rektor háskólans, Þorkell prófessor Jóhannesson, m. a. svo að orði: „Ef þjóðin á ekki að standa utangátta í þeirri þróun náttúruvísindanna, sem nú er í þann veginn að valda aldahvörfum í öllum hinum siðmenntaða heimi, með tilkomu kjarnorkunnar, þá verðum við á næstu árum að gera geysilegt átak til eflingar náttúruvísindum í landi voru. Hér er fyrst og fremst um að ræða sérmenntun, fræðslu og rannsóknir í eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði. Ef efnahagslíf okkar í framtíðinni á að þróast eðlilega, verður það í æ ríkara mæli að styðjast við innlenda vísindalega þekkingu og reynslu. Vér getum að sjálfsgöðu ekki gert okkur vonir um að verða með nokkrum hætti forustuþjóð á þessum vettvangi. En lægsta krafan, sem til okkar er gerð, er sú, að við séum einfærir um að hagnýta þekkingu og reynslu, sem aðrar þjóðir hafa aflað, og samræma okkar þörfum og staðháttum. Það eitt er mikilsvirði, ég leyfi mér að segja lífsnauðsyn. Þess er ekki að vænta, að jafnfámenn þjóð og Íslendingar eru, geti eignast mjög marga menn, er hæfileika hafa til hinna mestu afreka á þessu sviði, en við ættum samt að geta komið okkur upp sæmilega góðu starfsliði, ef lag er með. Í öllum löndum fer nú fram leit eftir mönnum með hæfileika til náms og starfs í þessum vísindagreinum, allt frá bekkjum miðskólanna upp í deildir háskóla-anna. Hér hefur fram undir þetta ríkt allt of mikil þögn og fáskiptni um þessi efni.“

Þessi hvatningarorð mættu vera mönnum umhugsunarefni.

Samkvæmt fjórðu ársskýrslu National Science Foundation í Bandaríkjunum og öðrum heimildum vörðu Bandaríkjamenn um 4000 til 5300 milljónum dollara til vísinda- og tæknirannsókna árið 1953, og samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, munu Bretar árlega verja hlutfallslega svipaðri upphæð. Þetta mundi svara til, að Íslendingar eyddu 65 til 85 milljónum króna, ef miðað er við fólksfjölda í löndunum.

Erfitt er að finna hliðstæðar tölur um notkun fjár hér á landi, enda ekki fullkunnugt, hvað er talið með í erlendu tölunum. Við lauslega athugun virðist þó sem Íslendingar verji 9 til 10 milljónum króna til þessara mála í stað þeirra 65 til 85 milljóna, sem mundu samsvara tölunum frá engilsaxnesku löndunum. Menn munu benda á, að engilsaxnesku þjóðirnar eru auðugar og geta því varið svo miklu fé til vísinda. Rétt er það, en hitt er jafnsatt, að þær eru ekki hvað sízt auðugar vegna þess, hve mikla alúð þær hafa lagt við vísinda- og tæknimeningu sína og hve miklu þær hafa til hennar kostað.

Fylgiskjal III.

Greinargerð um tilhögun á vísindasjóðum í nokkrum löndum.

I.

Gögn þau, sem tiltækileg eru um þessi efni, varða starfsemi vísindasjóða í Danmörk, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum og Kanada. Gögnin eru ekki fullnægjandi, og mun vera þörf á að afla rækilegri gagna. Þessi greinargerð er því aðeins til bráðabirgða.

Af gögnunum verður það ráðið, að mikill áhugi er í öllum þessum löndum á að bæta hag þeirra manna, sem vinna að fræðum og vísindum, og að mikið hefur verið gert í þessu skyni frá lokum stðari heimsstyrjaldar. Öflugir vísindasjóðir hafa verið settir á stofn, svo sem National Science Foundation í Bandaríkjunum, Vísindasjóður ríkisins í Danmörku og almenni vísindasjóðurinn norski. Í Bretlandi hafa fjárhæðir í þessu skyni og stórhækkað, og hið sama er að segja um Svíþjóð.

Sýnilegt er af gögnunum, að menn hafa farið mismunandi leiðir í þessum löndum til þess að ná því takmarki, sem hér er stefnt að. Í sumum löndunum hefur verið lögð áherzla á að stofna vísindasjóði eða efla þá, sem fyrir eru. Tilhögun þeirra sjóða er bersýnilega með tvenns konar hætti, sums staðar eru almennir sjóðir með allvíðtækri deildaskiptingu, en annars staðar eru sérsjóðir fyrir tiltekna fræðigreinar (sbr. t. d. í Bretlandi Department of Scientific and Industrial Research og The Medical Research Council, í Danmörk sjóður tæknivísinda o. fl.). Í öðrum löndum hefur megináherzlan verið lögð á að stofna nýjar stöður handa efnilegum vísindamönnum, einkum við háskóla eða rannsóknarstofnanir, þar sem þeir hafa ekki verið ofþjakaðir með vinnu, en átt þess kost að sérmennta sig samfara starfi. Þessi leið hefur t. d. einkum verið valin í Svíþjóð, þar sem stöðum dósentna og annarra háskólakennara og starfsmanna á rannsóknarstofnunum hefur verið stórfjölgað. Raunar hefur hliðstæð þróun einnig átt sér stað í hinum löndunum, þar sem áherzla hefur verið lögð á að stofna öflugra vísindasjóði.

II.

Tilhögun á þeim vísindasjóðum, sem tiltækileg gögn taka til, er mismunandi, og stafar það m. a. af ólíkum aðstæðum í þeim löndum, sem gögnin stafa frá. Athugun hefur leitt í ljós, að aðstæður eru svo gerólikar í Bandaríkjunum og Bretlandi frá því sem hér er, að lítil akkur er að setja fram greinargerðir um tilhögun á vísindasjóðum þar í löndum. Hið sama má með nokkrum hætti segja um Svíþjóð, vegna þess að hinna almennu vísindasjóða gætir þar minna en annarra úrræða til þess að efla hag vísindamanna. Hér á eftir verður því aðallega lýst skipulagi á sjóðunum í Danmörk og Noregi. Gögn um sjóðina í Noregi eru ekki fullnægjandi, en úr því verður bráðlega bætt — og munu þau þá verða reifuð í framhaldsgreinargerð.

III.

Danmörk.

Eins og kunnugt er, starfa allmargir og öflugir sjóðir í Danmörku, er hafa það hlutverk að efla og hlynna að fræði- og vísindastarfsemi. Öflugasti sjóðurinn er Carlsbergssjóðurinn, sem veitir styrki þeim, er vinna að náttúruvísindum og ýmsum hugvísindum (humanistískum vísindum). Sá sjóður styrkir hins vegar ekki hagnýt vísindi eða tæknivísindi. Þá má og geta Rask-Örsted-sjóðsins, sem stofnaður var 1919. Úr honum eru veittir styrkir til allra þátta vísindagreina, en þó því aðeins að þær varði rannsóknarefni, sem hafa ekki eingöngu þjóðlegt gildi. Rannsóknarráð tæknivísinda, sem sett var á stofn 1946, ræður yfir um það bil $\frac{1}{4}$ millj. d. kr. árlega til úthlutunar. Auk þessara almennu sjóða eru margir sérsjóðir, ekki sízt við háskólana í Kaupmannahöfn og Árósum.

Skömmu eftir heimsstyrjöldina síðustu var sett á laggirnar í Danmörku nefnd manna til þess að gera tillögur um það, hversu unnt væri að bæta hag vísinda- og fræðimanna í Danmörku. Meðal merkustu tillagna nefndarinnar var tillaga um stofnun almenns vísindasjóðs. Var frv. lagt fram á þingi 1952 um stofnun þess sjóðs, og náði það þegar fram að ganga (lög nr. 205 7. júní 1952).

Lögin sjálf eru mjög fáorð. Þau lýsa stuttlega hlutverki sjóðsins og greina lítillega tilhögun á úthlutunum. Þá er þess getið, að fjárframlög til sjóðsins skuli nema 2 millj. kr. árlega úr rikissjóði.

Í lögunum frá 1952 um vísindasjóð ríkisins er gert ráð fyrir því, að nánari reglur um starfsemi sjóðsins séu settar með konunglegri tilskipun. Var þetta gert þegar 24. júní 1952, og er athyglisvert, að tilskipunin er sett 17 dögum eftir að lögin hlutu staðfestingu. Tilskipun þessi var samin eftir tillögum frá vísindasjóðsnefnd. Skulu nú raktir helztu þættir þessarar tilskipunar.

A. Hlutverk sjóðsins.

Í 1. gr. segir svo: „Hlutverk hins almenna vísindasjóðs ríkisins er að stuðla að danskri vísindastarfsemi, einkum á sviði frumvísinda, og skiptir ekki máli, við hvaða stofnun vísindastarfsemin er tengd.“

Í 2. gr. er hlutverk sjóðsins sérgreint nánar. Samkv. 1. málsg. skal verja árlegum tekjum sjóðsins til þess að stuðla að framkvæmd á rannsóknnum, sem ætla má að ljúkist innan tiltekins tíma, enda megi hvorki vænta fjárframlaga til þeirra af því fé, sem árlega er veitt til rekstrar rannsóknarstofnana (þar sem rannsókn fer fram), né annarra fjárveitinga eða fjárstyrkja samkv. fjárlögum eða frá ráðuneytum. — Í 2. málsg. eru síðan tekin upp þau rannsóknarefni, sem heimilt er að styrkja, og eru þar að mestu áréttuð orð laganna sjálfra um þetta efni. 2. málsg. er svofelld í lauslegri þýðingu:

Heimilt er að verja fé úr sjóðnum til þess að styrkja þá starfsemi, sem nú greinir:

1. Meiri háttar vísindalegar rannsóknir, svo sem fornleifagröft, rannsóknarleiðangra og ýmiss konar vísindalegar rannsóknir á náttúru lands, svo og rannsóknir, sem framkvæmdar eru í rannsóknarstofnunum og tilraunastöðvum.

2. Útvegum tækja og rita við vísindaleg störf, enda séu þau sérstaklega dýr eða sérstaks eðlis að öðru leyti.

3. Veita má styrki úr sjóðnum til aðstoðar við vísindastörf, og tekur þetta til aðstoðar vísindalega þjálfaðra manna, enda sé hún til bráðabirgða, eða annars konar aðstoðar.

4. Útvegum rannsóknarefna, svo sem tilraunadýra og ljósmynda af handritum.

5. Útgáfa vísindalegra rita.

6. Ferðalög í þágu tiltekinnar, vísindalegrar rannsóknar.

7. Styrkir til danskra vísindamanna, sem þörf er á að létta af sér störfum til þess að geta einbeitt sér að tilteknum rannsóknnum.

Í 3. málsg. er síðan ákvæði um það, að sjóðurinn veiti eingöngu styrki samkvæmt umsóknnum frá vísindamönnum og vísindastofnunum, en stjórn sjóðsins skipuleggur ekki rannsóknir eða gerir uppástungur um tiltekin rannsóknarefni.

B. Stjórn vísindasjóðs.

Um stjórn sjóðsins eru þau ákvæði í 3. gr., að hún sé skipuð einum manni frá hverri deild sjóðsins, sem eru 5 talsins, svo sem senn verður greint. Auk þess er einn fulltrúi frá menntamálaráðuneyti og annar frá fjármálaráðuneyti í sjóðsstjórninni. Stjórnin kýs sér formann til eins árs, og er heimilt að endurkjósa hann.

Verkefni stjórnar er að taka fullnaðarafstöðu til þeirra umsókna, sem borizt hafa um styrki úr sjóðnum, á grundvelli tillagna, sem deildir sjóðsins hafa gert um það efni. Stjórnin leggur einnig mál fyrir deildirnar og mælir fyrir um það, hversu þær skuli haga vinnubrögðum sínum almennt. Stjórnin ræðir og leysir úr

málum, sem varða sjóðinn í heild og allar deildir hans. Þá getur stjórnin borið tillögur til breytinga á reglum um sjóðinn upp fyrir menntamálaráðuneyti. Stjórnin setur sér og deildunum fundarsköp, en menntamálaráðuneyti staðfestir þau.

C. Deildir sjóðsins og verkefni þeirra.

Innan visindasjóðs starfa fimm deildir, og er stjórn deildar skipuð vísindamönnum einum. Það er verkefni deildanna að ræða og gera tillögur um þær umsóknir, sem borizt hafa um styrki úr sjóðnum, hver á sínu fagsviði.

Deildir sjóðsins eru þessar og svo mannaðar, sem hér greinir:

1. Náttúruvísindadeild. Stjórn hennar er skipuð svo:

- 2 stjórnarmenn nefnir háskóladeild í náttúrufræði og stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla.
- 1 stjórnarmaður er nefndur til af hendi Tækniháskólans og Landbúnaðarháskólans í sameiningu.
- 2 stjórnarmenn nefnir Vísindafélagið danska.

Þessi deild sjóðsins fjallar um málefni, sem varða rannsóknarefni innan náttúruvísinda, þar á meðal fræðileg verkefni, sem jafnaðarlega eru talin til læknávisinda og landbúnaðarfræða.

2. Hugvísindadeild (húmanistisk vísindi). Stjórn hennar er svo skipuð:

- Heimspékideild Kaupmannahafnarháskóla nefnir 2.
- Heimspékideild Árósháskóla nefnir 1.
- Guðfræðideildirnar í Kaupmannahöfn og Árósum nefna 1 í sameiningu.
- Vísindafélagið nefnir 1.

Deildin fjallar um rannsóknarefni á vettvangi hugvísinda, og er guðfræði talin til þeirra greina.

3. Félagsvísindadeild. Stjórn hennar er svo skipuð:

- Laga- og stjórnfræðideildin við Kaupmannahafnarháskóla nefnir til 2, 1 úr hvorum hluta deildarinnar.
- Laga- og hagfræðideildin í Árósum nefnir 1.
- Heimspékideildirnar í Kaupmannahöfn og Árósum nefna 1 í sameiningu.
- Sagnfræði- og þjóðhagfræðistofnunin nefnir 1.

Til þessarar deildar ber að skjóta málum, er varða félagsvísindi (lögfræði, hagfræði, stjórnfræði og félagsfræði).

4. Læknisfræðideild. Stjórn hennar er skipuð svo:

- Læknadeild Kaupmannahafnarháskóla nefnir 2.
- Læknadeild Árósháskóla nefnir 1.
- Tannlæknaháskóli Danmerkur nefnir 1.
- Lyfsöluháskóli Danmerkur nefnir 1.

Deildin fjallar um málefni, er varða læknávisindi, að svo miklu leyti, sem þau teljast ekki til náttúruvísindadeildar.

5. Landbúnaðarfræðideild. Stjórn hennar er nefnd til af Landbúnaðarháskólanum.

Kjörtímabil deildarstjórnarmanna er 5 ár (6 ár þó í 5. deild), og þó svo, að á ári hverju verður eitt sæti laust í deildarstjórn, þ. e. eftir fyrsta starfsár fer einn maður úr stjórn samkv. hlutkesti, sem fram fer í upphafi starfstímabils, og er þá kosinn maður í hans stað að nýju og svo koll af kolli. Endurkjósa má stjórnarmann, en þó ekki nema til eins kjörtímabils. Nú fellur stjórnarmaður frá eða verður óhæfur til að gegna störfum, og skal þá kjósa mann í hans stað um þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili þess, er vék. Þann mann má endurkjósa til 5 ára að nýju. Hver deild kys sér formann til eins árs, og má endurkjósa mann til formennsku. Kjörgengir til stjórnarstarfa í deild eru þeir vísindamenn einir, sem eru undir sjötugu, þegar kosning fer fram (og tekur þessi regla einnig til endurkjörs).

Í 7. gr. tilsk. eru ákvæði um það, er umsókn varðar rannsóknarefni, sem teljast

til tveggja deilda eða fleiri. Skal þá leita samkomulags milli deilda um það, hversu grípa skuli á umsókn. Er þá ýmist, að deildirnar haldi sameiginlegan fund um umsókn eða tiltekin deild sker úr um umsókn, en viðstaddir eru fulltrúar frá hinum deildunum, sem málið varðar. Einnig er hugsanlegt, að tiltekinni deild sé falið einni að skera úr máli. Ef deild, sem mál varðar, óskar þess, að mál sé leyst á allsherjarfundi tveggja deilda eða fleiri, eða óskar að senda fulltrúa á fund annarrar deildar, er skylt að verða við þeim tilmælum.

D. Um tilhögun styrkveitinga.

Styrkir eru veittir í eitt skipti fyrir öll eða til tiltekins árabils.

Styrkir eru veittir samkvæmt umsóknum, sem stíla ber til stjórnar sjóðsins á auglýstum tíma ár hvert. Þegar sérstaklega stendur á, er unnt að veita styrki á öðrum tíma en þeim, sem auglýstur er árlega.

E. Skipting tekna sjóðsins milli deilda.

Í 7. gr. í tillögum vísindasjóðsnefndar til tilsk. um vísindasjóð var lagt til, að greint yrði í tilsk., hversu mikla hlutdeild hver einstök deild skyldi fá í þeirri heildarfjárhæð, sem tiltækileg væri til úthlutunar hverju sinni. Ráðuneytið virðist ekki hafa fallið á þessa tilhögun, en ekki er skýrt, hvernig leysa eigi þetta mál. Helzt er svo að sjá, að yfirstjórn sjóðsins ákveði hverju sinni þessa skiptingu fjárens — væntanlega eftir að sýnt er, hverjar umsóknir borizt hafa ár hvert.

F. Tengsl vísindasjóðs við aðra vísindalega sjóði.

Stjórn sjóðsins ber að hafa nána samvinnu við Carlsbergsjóðinn, Rask-Örsted-sjóðinn, rannsóknarráð tæknivísinda og aðra sjóði og stofnanir, sem vinna að og veita styrki til vísindastarfa, í því skyni að samræma eftir föngum störf þessara aðila.

G. Fjárstjórn o. fl.

Stjórn sjóðsins annast bókfærslu og semur reikninga árlega. Ber að endurskoða þá með sama hætti og aðra reikninga opinberra stofnana. Reikninga ber að leggja fyrir Ríkisþingið.

Fjárlagaárið er reikningsár sjóðsins.

Nú er tekjum sjóðs ekki úthlutað að fullu tiltekið ár, og fær stjórn sjóðsins þá fjárhæð til ráðstöfunar til þeirra málefna, sem heimilt er að styrkja samkvæmt reglum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber að senda skýrslur um starfsemi sjóðsins ár hvert til Ríkisþingsins, menntamálaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Menntamálaráðuneyti sér um, að skýrsla þessi sé send öðrum ráðuneytum og einnig stofnunum, sem ætla má, að þarflegt sé að senda skýrsluna.

Þess skal að lokum getið, að árlega nema úthlutanir úr sjóði þessum um 1.6 til 1.7 millj. d. kr.

IV.

Noregur.

Í Noregi eru nokkrir sjóðir, sem ætlað er að stuðla að vísindum, en þeir eru þó fæstir verulega öflugir. Af sjóðunum má nefna þessa: Nansens-sjóðinn og þá sjóði, sem við hann eru tengdir. Mun fé þeirra nema um 12½ millj. norskra króna. Norsk varekrigsforsikrings fond, um 3½ millj., og gjafasjóður C. Mohr, sem nemur rösklega 1 millj. króna. Vísindarannsóknasjóðurinn frá 1919, sem stofnaður var með 3 millj. kr. framlagi með ályktun Stórþingsins 18. júlí 1919, mun nú nema um 4.8 millj. Sjóðurinn greinist í tvær deildir, hugvísindadeild og náttúruvísinda-deild, og skiptist fé sjóðsins milli þeirra deilda nokkuð að jöfnu. Langöflugasti

vísindasjóður Noregs er þó ótalinn, þar sem er sjóður sá, sem vísindastarfsemi hlýtur um hendur Norskra getrauna h/f. Til þessarar getraunastarfsemi var stofnað með ályktun Stórbingsins 21. júní 1946. Voru þau ákvæði þá sett um tekjur getrauna, að þær skyldu skiptast milli íþróttahreyfingar og vísindastarfsemi á þá lund, sem nú greinir:

1. 1 millj. kr. tekjur ganga óskiptar til íþróttamála.
2. Af tekjum frá 1 millj. til 2 millj. ganga 80% til íþróttamála auk þeirrar 1 millj. kr., sem greinir í 1. tölulið.
3. Af 2 til 3 millj. kr. tekjum renna 60% til íþróttamála.
4. Af tekjum frá 3 til 4 millj. kr. renna 40% til íþróttamála.
5. Af tekjum, sem nema meiru en 4 millj. kr., ganga 20% til íþróttamála.

Það fé, sem ekki gengur til íþróttamála, rennur óskipt til vísindastarfsemi.

Á fjárlagaárinu 1953—1954 (þ. e. á einu ári) námu þær fjárhæðir, sem runnu af getraunafé til vísinda- og fræðistarfsemi í Noregi, röskum 13 millj. norskra króna, en úr öðrum sjóðum, sem hlynna að vísindastarfsemi, er áætlað að úthlutað hafi verið um 2.6 millj. kr. Sést af þessu, að getraunaféð er langdrýgsta tekjulindin fyrir norsk vísindi.

Skipulagið á úthlutun getraunafjárins er í stórum dráttum á þá lund, að komið er við sérstakri yfirstjórn með þessu fé (Forskningsráðenes fellesutvalg), en að öðru leyti starfar sjóðurinn í þremur deildum. Nefnast deildirnar: Norges almenvitenskapelige forskningsråd, Norges landbruksvitenskapelige forskningsråd og Norges teknisk-naturvitenskapelige forskningsråd. Skal nú gerð grein fyrir hvoru tveggja, yfirstjórn sjóðsins og deildunum.

1. Yfirstjórn sjóðsins.

Hún er skipuð formanni og 10 meðlimum, ásamt varamönnum, og skipar konungur þá alla.

Stjórnarmenn eru nefndir til af eftirfarandi aðilum:

1. 3 eru nefndir til af rannsóknarráði almennra vísinda.
2. 2 eru nefndir til af rannsóknarráði landbúnaðarvísinda.
3. 2 eru nefndir til af rannsóknarráði tæknivísinda og náttúruvísinda.
4. 1 er fulltrúi kirkju- og menntamálaráðuneytis.
5. 1 er fulltrúi landbúnaðarráðuneytis.
6. 1 er fulltrúi iðnaðar-, iðju- og sjávarútvegsmálaráðuneytis.

Kjörtímabil formanns og annarra stjórnarmanna er 4 ár.

Konungur virðist skipa formann án kosningar.

Hlutverk yfirstjórnarinnar er að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um það, hvernig skipta skuli getraunafé milli deilda sjóðsins. Samkvæmt þessu ákvæði er það ráðuneytið, sem sker úr því til fullnaðar, hvernig skiptingin verði framkvæmd, en sjálfsgætt fer ráðuneytið að jafnaði eftir tillögum yfirstjórnar sjóðsins. Yfirstjórnin á enn fremur að fjalla um málefni, sem hafa sameiginlegt gildi fyrir deildirnar allar. Hún skal vera ríkisstjórn og ráðuneytum til aðstoðar í málefnum, sem varða fjárframlög til vísinda, og enn fremur láta uppi ýmiss konar upplýsingar, sem einstaklingar eða opinberir aðilar kunna að leita eftir og varða starfsemi ráðanna þriggja.

2. Deildirnar þrjár.

A. Rannsóknarráð almennra vísinda.

Í ráði þessu eru 5 greinaflokkar, og eiga 32 meðlimir sæti í ráðinu. Skiptast þeir svo á greinaflokka:

- a. Tungumál og sagnfræði, 6 meðlimir.
- b. Félagsvísindi, 6 meðlimir.

- c. Sálfræði og uppeldisfræði, 6 meðlimir.
- d. Náttúruvísindi, 8 meðlimir.
- e. Læknisfræði, 6 meðlimir.

Ráðsmenn eru skipaðir af konungi, að mestu eftir tillögum frá háskóladeildum og vísindalegum stofnunum, en að nokkru eftir tillögum ráðuneyta. Skipunartími er 4 ár. Konungur skipar formann ráðsins og varaformann, en hver greinarflokkur velur formann. Stjórn ráðsins er skipuð formönnum greinarflokka fimm, og auk þess formanni ráðsins og varaformanni.

Hlutverk rannsóknarráðs í almennum vísindum er þetta:

1. að styrkja vísindamenn eða vísindastofnanir til þess að starfa að tilteknum rannsóknarefnum,
2. að styrkja vísindastofnanir með því að veita þeim fjárstyrk til þess að setja á stofn nýjar rannsóknarstöðvar,
3. að styrkja rannsóknir, sem ráðið sjálf efnir til annaðhvort við rannsóknarstöðvar, sem þegar eru til, eða við rannsóknarstöðvar, sem ráðið stofnar til,
4. að veita að öðru leyti fjárstyrki til vísindamanna eða manna, sem sérmennta sig til vísindastarfa,
5. að styrkja með fé útgáfu vísindarita eða alþýðlegra fræðirita, og getur ráðið sjálfstæðið að útgáfu slíkra rita.

Ráðið hefur þegar stofnað til ýmissa rannsóknarstöðva.

B. Rannsóknarráð landbúnaðarvísinda og C. Rannsóknarráð tækni- og náttúruvísinda eru skipuð með hliðstæðum hætti og starfa að svipuðum verkefnum og rannsóknarráð almennra vísinda. Þykir því ekki þörf að ræða nánar um þau.

Á árinu 1953—1954 var fé því, sem rann til vísinda af getraunafé, skipt svo milli rannsóknarráðanna þriggja:

1. Rannsóknarráð almennra vísinda	4,550 millj. kr.
2. Rannsóknarráð tækni- og náttúruvísinda	5,530 — —
3. Rannsóknarráð landbúnaðarvísinda	2,920 — —

Af skýrslum ráðanna er sýnilegt, að mjög er reynt að hlynna að ungunum vísindamönnum og mönnum, sem eru í vísindalegu sérnámi.

Eins og boðað er hér að framan, er þetta aðeins bráðabirgðagreinargerð. Fyllri greinargerð verður rituð, þegar frekari gagna er vöð.